

Hákon Jensson

**Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Leifsstöðum 2 í
Eyjafjarðarsveit - viðbót.**



Búnaðarsamband Eyjafjarðar

Rannsóknarskýrslur 2025/7



Forsíðumynd: Horft yfir deiliskipulagssvæðið á Leifsstöðum 2, mynd er tekin í vestur.



©Hákon Jensson
Búnaðarsamband Eyjafjarðar,
Akureyri 2025/7

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR.....	1
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR.....	1
AÐFERÐIR.....	3
FORNLEIFASKRÁNING.....	3
SAMANTEKT.....	7
HEIMILDASKRÁ.....	8

1. Inngangur

Skýrsluhöfundur var beðinn að sjá um fornleifaskráningu vegna viðbótar við deiliskipulag sem var gert af Leifsstöðum 2 í Eyjafjarðarsveit árið 2019. Svæðið er fast austan við núverandi skipulagssvæði og er um 1,26 ha. Á staðnum er töluverður trjágróður sem hefur breytt úr sér á síðastliðnum áratugum og þekur töluverðan hluta af svæðinu. Gömul fornleifaskráning var til af svæðinu sem þarfnaðist uppfærslu. Skráning og úrvinnsla var í höndum Hákonar Jenssonar fornleifafræðings hjá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar. Vettvangsskráningin fór fram í júlí 2025.

Verkefnisnúmer Minjastofnunar Íslands: 2053.

2. Tilgangur fornleifaskráningar

Meginmarkmið fornleifaskráningar er að tryggja varðveislu menningararfsins ásamt því að gera bæði sveitarfélögum og Minjastofnun kleift að móta stefnu í minjavörslu.¹ Til þess að fyrirbyggja að minjar verði fyrir skemmdum við framkvæmdir þá voru sett í lög ákvæði um að skráning á menningarminjum eigi sér stað áður en gengið sé frá deiliskipulagi eða aðalskipulagi. Jafnframt skal sá kostnaður, sem hlýst af skráningunni, leggjast á þann sem ber ábyrgð á gerð skipulagsins, í samræmi við skipulagslög.²

Í 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 er ítarleg upptalning á menningarminjum, en samkvæmt þeim eru:

„Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar.

Forngripir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa. Til forngripa teljast einnig leifar af líkömum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

¹ Heimasíða Minjastofnunnar.

² Heimasíða Minjastofnunnar.

- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.
- j. Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.”³

Varðandi verndun á fornleifum þá er því lýst nokkuð ítarlega í VI. Kafla, 21. grein að:

„Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.”⁴

Þar sem fornleifar eru til staðar þá er ágætt að skoða svo VI. kafla, 22 grein í lögum um menningarminjar en þar er skýrt tekið fram að: „Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið.”⁵

Þrátt fyrir að í fornleifaskráningunni finnst engar fornleifar þá er þó mikilvægt að hafa í huga VI. kafla, grein 24 í lögum um menningarminjar að: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megir úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megir fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.”⁶

Frá árinu 2013 hefur Minjastofnun verið með staðlaða skráningu fyrir fornleifar. Tilgangurinn með því var sá að samræma gögn og hafa ákveðna kröfu um lágmarksgæði skráningar. Þar af leiðandi ættu framkvæmdaaðilar og skráningaraðilar að hafa nokkuð góðar upplýsingar um kröfur Minjastofnunar til fornleifaskráningar til þess að hún geti byggt sínar stjórnsýsluákvarðanir á.⁷

³ Heimasíða Alþingis.

⁴ Heimasíða Alþingis.

⁵ Heimasíða Alþingis.

⁶ Heimasíða Alþingis.

⁷ Heimasíða Minjastofnunar.

3. Aðferðir

Við skráningu fornleifa á staðnum var notast við skráningarstaðla Minjastofnunnar Íslands. Í undirbúningsvinnu og úrvinnslu var notast við ýmis konar heimildir og gögn, til dæmis loftmyndir frá Loftmyndum á map.is, ornefnaskrár, loftmyndir og niðurhalsgögn frá Landmælingum Íslands ásamt upplýsingum frá heimildamanni. Skýrsluhöfundur sá um fornleifaskráninguna á upprunalegu deilsikipulagssvæði frá 2019.⁸ Einnig var til eldri fornleifaskráning af jörðinni⁹ sem þarfnæðist uppfærslu miðað við núverandi staðla. Þegar öll þessi gögn höfðu verið skoðuð var farið í vettvangskönnun þar sem gengið var skipulega um svæðið. Minjar sem fundust á vettvangi voru mældar upp með Trimble GPS tæki, ljósmyndaðar og mældar. Kortavinna var unnin í Microstation v8i forritinu með loftmynd frá Loftmyndum ehf. frá 1998.

4. Fornleifaskráning

Fornleifanúmer: 2053-04

Hnit: A545407.0 N573110.5 ISN93

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Garðlag

Á túnakorti af Leifsstöðum var kálgarður suðaustur af gamla bæjastæðinu nr. 2053-02,¹⁰ norðaustur af útihúsi nr. 2053-01.¹¹ Í kringum 4 m ofan við útihúsið nr. 2053-01 fundust leifar af garðlagi þvert á brekkuna um 7 m langt. Í kringum 20 m norðvestan við það var annar bútur af garðlagi sem lá upp brekkuna um 37 m langt. Ekki sáust frekari ummerki af kálgarðinum á svæðinu. Hæðin á garðinum var 0,1-0,4 m og breiddin um 0,5-1 m. Það var umfangsmest neðst í brekkunni en varð minna eftir því sem ofar dró. Einnig var búturinn sem var beint ofan við fjárhúsin mjög óljós en mikið gróðurfar var þar á staðnum.



Mynd 1 Kálgarður, mynd er tekin í suðvestur.

⁸ Hákon, 2019, bls. 1-12.

⁹ Orri og Adolf, 1994, bls. 68-69.

¹⁰ Hákon, 2019, bls. 6.

¹¹ Hákon, 2019, bls. 5.

Fornleifanúmer: 2053-05

Hnit: A545485.7 N572962.3 ISN93

Hlutverk: Vörslugarður

Tegund: Garðlag

Fast sunnan, austan og vestan við deiliskipulagssvæðið eru landspildur sem heita Systralundur II og I¹² og í Fasteignaskrá undir Systralundi er gjafabréf frá 15.10.1965 þar sem systur er gefið land um 4900 fm til eignar úr landi Leifsstaða. Í því segir: „Spildan afmarkast að sunnan af landamerkjum Fífilsgarðis og Leifsstaða. Að austan að svonefndri Fjallsgirðingu.“¹³ Í skjólbeltinu að austan á spildunum er gömul girðing sem liggur ofan á garði, skjólbeltið er mjög þétt og erfitt að fara um svæðið það var þó hægt að sjá garðlagið á nokkrum stöðum. Hæðin á garðlaginu var 0,2-0,8 m, hærra í vestur og breiddin var 0,5-0,9 m.



Mynd 2 Garðlag, mynd er tekin í norðvestur.

Fornleifanúmer: 2053-06

Hnit: A545614.8 N573318.0 ISN93

Hlutverk: Sel

Tegund: Tóft

Í Örnefnaskrá Leifsstaða segir: „Í miðju túni er Helguhóll. Fjárhús á suðurtúninu hétu Guðnahús og beint upp frá þeim er Gunnarsgil, kennt við mann, er þar varð úti. [...] Leifsstaðahjalli er suður frá Gunnarsgili og ofan við þann hjalla er Selið.“¹⁴ Selið er töluvert fyrir ofan skipulagssvæðið en fékk að fylgja með þar sem tóftin er orðin mjög illa farin og er að hverfa í gróðri og óljóst hve lengi hún verður sýnileg. Tóftin er um 350 m suðaustur af gamla bæjarstæðinu nr. 2019-10-02,¹⁵ 11 m sunnan við Gunnarsgil. Tóftin er mjög óskýr og að miklum hluta hlaupinn í þúfur. Jafnframt er trjágróður farinn að teygja sig yfir hana í suður og austur hluta. Tóftin virðist vera um 13x13 m, hæð hleðsla 0,4-0,6 m og breidd 0,6-0,7. Tóftin er mjög óljós þar sem hún er á kafi í gróðri og erfitt að átta sig á innri skipan. Það

¹² HMS - Vefsja landeigna.

¹³ Systralundur II - Gjafabréf


¹⁴ Örnefnaskrá Leifsstaða, bls. 11.

¹⁵ Hákon, 2019, bls. 6.

virðast vera allavega 4 rými í tóftinni og útgangur í norður skammt sunnan við lækinn í Gunnarsgili.



Mynd 3.Sel, mynd er tekin í norður.



nafn:	LEIFSSTAÐIR 2	teikn.	14.10.2025 hj	Skýringar:	Stækkun á deiliskipulags- svæðinu á Leifstöðum 2 og fornleifar innan og nærri svæði.	BÚNAÐARSAMBAND EYJAFJARÐAR Óseyri 2, 603 Akureyri, s: 460 4477, netf: bugardur@bugardur.is
	EYJAFJARÐARSVEIT	mælikv.	1:3000 í A4			Unnið eftir mynd nr. e575 / gps mæl. frá Loftmyndir ehf. 1998

5. Samantekt

Í þessari fornleifaskráningu fundust aðeins tveir minjastaðir á nýja deiliskipulagssvæðinu. Þriðji minjastaðurinn sem var skráður var töluvert fyrir utan en var skráður þar sem tóftin er orðinn mjög óljós og er að hverfa í gróðri. Ekki fundust heimildir um fleiri minjar innan svæðis og ekki sáust ummerki um það á loftmyndum að svo hafi verið né hafði heimildarmaður nokkra vitneskju að svo hefði verið.¹⁶ Þrátt fyrir að fleiri minjar hafi ekki fundist innan svæðis þá er alltaf sá möguleiki fyrir hendi að fleiri minjar leynist undir yfirborðinu þegar framkvæmdir hefjast. Verður þá að tilkynna fundinn til Minjastofnunnar sem tekur ákvörðun um framhaldið.

Akureyri, 30. október 2025

Hákon Jensson

¹⁶ Bergsteinn Eiríkur Gíslason, munnleg heimild.

6. Heimildaskrá

Hákon Jenson. (2019). Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Leifsstöðum 2 í Eyjafjarðarsveit. Búnaðarsamband Eyjafjarðar. Rannsóknarskýrslur 2019/4.

Heimasíða Alþingis. Lög um menningarminjar. Sótt af <http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>. Skoðað 16.02.2019.

Heimasíða HMS, Systralundur II. Gjafabréf 15. Okt 1965, vefuppfletti fasteignarskrár. Sótt af <https://vefuppfletti.fasteignaskra.is/fasteign/2338772> Skoðað 30.10.2025

Heimasíða HMS, Landeignaskrá. Sótt af <https://landeignaskra.hms.is/> Skoðaða 28.10.2025.

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráning fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/>. Skoðað 16.02.2019

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráningarstaðlar fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/skraningarstadlar/>. Skoðað 16.02.2019

Orri Vésteinsson og Adolf Friðriksson. (1994). Fornleifaskráning í Eyjafirði I: Fornleifar í Eyjafjarðarsveit norðan Hrafnagils og Þverár. Minjasafnið á Akureyri. Akureyri.

Túnakort:

Túnakort fyrir Leifsstaði. Ummálsdráttur samkvæm. mæl. 1917. Ytri-Tjörnum 31. jan. 1918 Kr. H. Benjamínsson.

Örnefnaskrár:

Jóhannes Óli Sæmundsson. Örnefni í Öngulsstaðahreppi. Leifsstaðir. Örnefnastofnun.

Heimildarmenn:

Bergsteinn Eiríkur Gíslason, 1945, Leifstaðabrúnir 15, Eyjafjarðarsveit.